

Slóðin er: <https://account.svanen.nu>

Mitt aðgangsorð er:

Mitt lykilorð er:

Velkomin í MSA

Leiðbeiningar

Þetta er vefgáttin MSA My Swan Account fyrir prentsmiðjur. Hér færið þið inn allar þær upplýsingar sem tengjast umsókninni ykkar um Svaninn. Þegar þið verðið komin með Svaninn þá munuð þið einnig nota vefgáttina til að uppfæra þær upplýsingar sem staðfesta að þið séuð enn að uppfylla kröfur Svansins.

Company	Manufacturing name	Status	Form	Assigned
Prentsmiðja önnu	Ompröfning 2013	Open	Printing companies, printed matter, envelopes and other converted paper products Printing companies, printer matter, envelopes and converted paper products v 5.0	2013-05-16

Í vefgáttinni getið þið svarað öllum kröfum sem gerðar eru til ykkar og hlaðið inn skjölum eða skrifað inn skýringar til staðfestingar.

Á upphafssíðunni má finna fimm flipa en fjórir þeirra eru ætlaðir umsækjendum um Svansleyfi. Ef ýtt er á *Explanation of statuses/tabs* færðu meiri upplýsingar um hvað er hægt að skrá.

Umsókn ykkar sést hún undir flipanum *Open* þar til þið hafið klárað að fylla hana út. Veljið „*Printing companies, printed matter, envelopes and converted paper matter*“ í dálknum *Form* til að opna.

Yfirlit:

Fyrsta síðan er yfirlit en þar má sjá nokkurs konar samantekt efst á síðunni og þar undir lista yfir allar kröfur sem gerðar eru.

Questions	Answered	Status	Modified	
1. General requirements				0.0 p
1.1 Date	Yes	Open	2014-04-10	
1.2 Printing description	Yes	Open	2014-04-10	
1.3 Paper as printing material	Yes	Open	2014-04-10	
1.4 Other printing material than paper	No	Open	2014-04-10	
1.5 Turnover of printed matter (EUR)	Yes	Open	2014-04-10	

Í samantektinni má sjá:

Allar kröfur og spurningar. **Mikilvægt er að byrja á því að skilgreina reksturinn í 1. General descriptions.** Ef kröfur eiga ekki við þá sést eingöngu titill í kröfulistanum en undirsíðan er í raun tóm.

- Þegar búið er að svara spurningu er hún auðkennd í listanum með grænu **YES**.

Questions	Answered	Status	Modified	
1. General requirements				0.0 p
1.1 Date	Yes	Open	2014-04-10	
1.2 Printing description	Yes	Open	2014-04-10	
1.3 Paper as printing material	Yes	Open	2014-04-10	
1.4 Other printing material than paper	No	Open	2014-04-10	
1.5 Turnover of printed matter (EUR)	Yes	Open	2014-04-10	
1.6 Paper consumption (Ton)	Yes	Open	2014-04-10	

- Á meðan spurning er enn opin/ólæst þá getið þið breytt svarinu ykkar og unnið með það að vild. Þegar þið teljið ykkur vera búin að svara eftir bestu getu þá læsið þið spurningunni og krafan í listanum er þar með auðkennd með *Under review*.
- Þegar starfsmaður Svansins er búinn að rýna svörin við kröfunni breytist auðkenningin enn á ný.
- Hægra megin í listanum eru sums staðar upphrópunarmerki í rauðum hring. Þá er um að ræða skyldukröfu sem ekki er búið að svara. Um leið og búið er að svara kröfunni hverfur upphrópunarmerkið.

5. Energy					0.0 p
5.1 Energy consumption	Yes	Open	2014-04-10		
5.2 Documentation for energy consumption	No	Open			
5.3 Energy survey, renewable energy and CO2	No	Open	2014-04-10		0.0 p
5.4 Documentation energy survey, renewable energy and CO2	No	Open			

- Ef um er að ræða punktakröfu má sjá í listanum hve mörg stig hafa fengist af mögulegum stigum fyrir viðkomandi kröfu.
- Ýtið á bláu fyrirsagnirnar til að opna kröfurnar.

Kröfurnar:

Á hverri kröfusiðu eru nokkrar spurningar sem þarf að svara, svæði þar sem hægt er að hengja við skjöl og Notes svæði þar sem hægt er að skrifa inn viðbótar upplýsingar eða útskýringar.

Neðst í hægra horninu er Save og Save & Next takki. **Mikilvægt er að vista ávallt gögn og texta áður en farið er út af kröfusiðunni.**

Hægt er að fara beint af kröfusiðunni yfir á aðra kröfusiðu með því að nota dálkinn vinstra megin á síðunni. Það sem birtist grænt í þeim lista á ekki við og þarf ekki að svara.

- ↳ 6.1 Sheet offset (exl. Packaging)
- ↳ 6.2 Newspaper production in Coldset
- ↳ 6.3 Form production in Coldset
- ↳ 6.4 Coldset rotation (exl. news/form)

Þegar þið teljið ykkur hafa svarað kröfu á fullnægjandi hátt og eruð búin að vista þá ýtið þið á takkann *Lock*. Viðbótargluggi birtist sem biður ykkur um að staðfesta að þið viljið læsa svarinu, og ef svo er ýtið þið á *Submit*.

Svarið er nú sýnt umkringgt grænni punktalínu og því er talið fullsvarað.

1.1 DATE

All information in this application will normally be based on consumption data etc for 12 month. Commonly used data is from the last calendar year.

See [requirement O1](#).

Please indicate below what date period this application refer to.


2013

▼ [Show/hide comments \(0\)](#) [Add comment](#)

Svari óvart læst

Ef þið sjið eftir því að hafa læst svarinu eða ef þið ýttuð óvart *Lock* þá hafið þið samband við starfsmenn Svansins sem opna kröfuna á ný. Það getur einnig verið að starfsmaður Svansins líti svo á að ekki sé búið að svara kröfunni á fullnægjandi hátt og að það þurfi betri útskýringa eða frekari gögn. Í yfirlitslistanum er krafan þá auðkennd með *Additional information required*.

Þið getið alltaf snúið til baka í yfirlitslistann með því að velja *Overview* efst í vinstra horninu.



Aðgangur fyrir fleiri starfsmenn

Við mælum með því að verkefnum Svansins sé skipt á milli starfsmanna og ábyrgðinni sé deilt með öðrum. Hægt er að búa til aðgang fyrir fleiri starfsmenn sama fyrirtækis í MSA, en aðgangur að vefgáttinni er persónulegur þ.e.a.s. ekki er gert ráð fyrir að fleiri en einn setji inn upplýsingar á sama notendanafni.

Aðgangur fyrir fleiri starfsmenn er stofnaður í bláa borðanum ofarlega á síðunni undir MY COMPANY'S INFO, því næst á USER neðar á síðunni. Því næst smelir þú á hnappinn ADD USER.

Gangi ykkur vel